**Ed.** **638. Nefndarálit** [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 35/1976, l. nr. 23/1977, l. nr. 58/1977, l. nr. 61/1977 og l. nr. 22/1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur fram komnar upplýsingar um málið ófullnægjandi. Í umfjöllun nefndarinnar um mál þetta hafa engin rök komið fram fyrir því að eðlilegt sé að kjaradómur ákveði kjör þeirra sem frv. þetta nær til frekar en að þau séu ákveðin í samningum stéttarfélaga.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til að frv. verði fellt.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.